

# AUGLÝSING

## um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Bókaútgáfu Orators, nr. 335 24. júní 1988.

Stjórn Bókaútgáfu Orators hefur hinn 31. mars 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá bókaútgáfunnar sem staðfest var 24. júní 1988:

### 1. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórn Bókaútgáfu Orators skipa sjö menn: þrír menn úr útgáfuráði; formaður, ritari og gjaldkeri þess, formaður Orators og síðasti fyrirrennari hans á hverjum tíma, formaður Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands.

Segi einhver stjórnarmaður af sér eða geti af öðrum ástæðum ekki gegnt stjórnarstörfum tekur varamaður hans sæti í stjórninni.

Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn.

Stjórn stofnunarinnar hefur æðsta vald í málefnum hennar.

### 2. gr.

5. gr. orðist svo:

Aðalfund stjórnar skal halda í marsmánuði ár hvert.

Á aðalfundi kýs stjórnin fimm menn í útgáfuráð til eins árs.

### 3. gr.

6. gr. orðist svo:

Útgáfuráð skipa sjö menn: fimm kosnir á aðalfundi stjórnar til eins árs í senn og tveir kosnir á aðalfundi Orators, hvor til tveggja ára.

Útgáfuráð annast daglegan rekstur stofnunarinnar. Útgáfuráð gerir árlega áætlun um útgáfustarfsemi stofnunarinnar og leggur hana fyrir stjórn.

Útgáfuráð velur sér formann, ritara og gjaldkera og sitja þeir jafnframt í stjórn. Geti einhver þeirra ekki sinnt stjórnarstörfum tímabundið velur útgáfuráðið annan úr sínum röðum til þeirra starfa. Formaður, ritari og gjaldkeri rita sameiginlega firma Bókaútgáfu Orators.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Bókaútgáfu Orators staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. október 1996.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*